Arngunnur Ýr

Myndlist

Eiríkur Þorláksson.

Afturhvarf til náttúrunnar getur tekið á sig ýmsar myndir, eins og sést glögglega í því vaxandi vægi sem landið, loftið, barátta ljóss og lita hefur öðlast í myndlistinni hér á landi undangengin ár. Hér er listafólk ekki að leita á ný til hefðbundinna staðalýsinga eða þeirrar náttúrurómantíkur, sem ríkti í íslenskri myndlist mikinn hluta aldarinnar, heldur verður umhverfið aflvaki nýrrar myndsýnar, sem getur verið allt frá einföldum tilraunum með form og liti til dulúðugar tilvísunar í spurningar um æðri gildi tilverunnar.

Arngunnur Ýr Gylfadóttir er ein þeirra ungu myndlistarmanna, sem hefur fundið sinn útgangspunkt í náttúrunni. Á sýningu að Kjarvalsstöðum fyrir rúmum tveimur árum, sem hún nefndi „Varanlegar menjar" fjallaði listakonan fyrst og fremst um hringrás lífsins eins og hún endurspeglast í náttúrunni; upphaf og endi, þroska og hrörnun. Nú stendur yfir að Gallerí Hulduhólum í Mosfellsbæ önnur einkasýning listakonunnar, þar sem segja má að viðfangsefnið sé hringrás tímans, og barátta ljóss og myrkurs eins og hún kemur fram í þrengstu einingu hans, sólarhringnum.

Arngunnur Ýr sýnir hér tuttugu og fimm verk, sem með einni undantekningu mynda heild, enda öll nefnd „Himinn" og unnin á þessu ári. Forskriftin er í sjálfu sér einföld. Hér eru á ferðinni lítil verk í svörtum römmum, unnin með olíulitum á léreft, tré eða striga; myndefnið er brot af himni, þar sem takast á vaðandi ský og tilbrigði birtunnar, alla tíma dags og nætur.

Himninn sem slíkur á sér drjúga sögu sem viðfangsefni í myndlistinni, bæði sem mikilvægur þáttur umhverfisins og sem vettvangur átaka ljóss og lita í myndfletinum; táknræn gildi fylgdu oft í kjölfarið. Nægir þar að benda á William Turner og James Whistler frá 19. öldinni, og fyrir þremur árum hélt ungur listmálari, Helgi Valgeirsson, sýningu í Ásmundarsal þar sem samspil ljóss og skýja á himni var aðalviðfangsefnið.

Listakonan er því að nokkru að takast á við hefðina í verkum sínum, og um leið leitast við að skapa áhrifamikinn myndheim á sýningunni.



Arngunnur Ýr.


Það tekst með ágætum. Það er auðvelt að festa sig í þessum heimi, þar sem augun fylgja dagsbirtunni í baráttunni við skýjahuluna, allt frá því hún tekur að þröngva sér fram í gulum og grænum bjarma aftureldingarinnar, verður sterkari, ljósari og blárri yfir miðjan daginn, og þar til hún brennur dumbrauð að kvöldi, og kulnar loks að nóttu - sem ber þó með sér örlitla vísbendingu um væntingar næsta sólarhrings.

Vinnsla myndanna, sem fylgja deginum frá stundu til stundar, er ákaflega vönduð, og litir eru greinilega lagðir á flötinn í mörgum, þunnum lögum, þannig að oft ljómar myndin öll undir niðri, þó ekki nái birtan í gegnum dökka skýjahuluna nema á stöku stað. Hvert ský er markað heitum litum, brúnum eða grænum, fremur en kulda blámans, eins og mætti búast við.

Vegna þessa sjá áhorfendur fljótt, að hér er ekki verið að myndgera íslenskan dag, heldur sterkari og dekkri liti myrkurs á suðlægari breiddargráðum. Arngunnur Ýr býr á vesturströnd Bandaríkjanna, og vann myndirnar þar; samanburðurinn við sólarhringinn hér á norðurhjara er vissulega þáttur í sýningunni, og til þess fallin að fá okkur til að meta birtu sumarsins enn frekar.

Um leið er rétt að velta fyrir sér þeim táknrænu gildum, sem hér kunna að vera á ferðinni; einkum leitar sú hugsun á gesti fyrir framan staka, stóra mynd, sem nefnist „Nótt VIII" (nr. 25). Vellandi ský og ólgandi birtuglampar eru í eðli sínu fyrst og fremst óhlutbundin tjáning listamannsins, en vísa um leið til einhverra þeirra æðri gilda, sem kunna að leynast á bak við. Sú hugsun er ávallt sterk með manninum, og myndlist Arngunnar Ýr er vel til þess fallin að örva slíka þanka.

Sýning Arngunnar Ýr að Gallerí Hulduhólum í Mosfellsbæ stendur til sunnudagsins 12. september, og eru listunnendur hvattir til að líta við.



Daniel Magnússon: Landslag 1992.

Hugsanaveðrun

Önnur þeirra sýninga sem markar innreið haustsins hjá Listasafni Reykjavíkur er einkasýning á verkum ungs myndlistarmanns, Daníels Magnússonar, en hann hefur vakið nokkra athygli frá því hann hélt sína fyrstu einkasýningu í Nýlistasafninu 1989. Daníel stundaði m.a. nám við Tækniskóla Íslands áður en hann sneri sér að myndlistinni og útskrifaðist frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1987; hann var síðan um tíma aðstoðarmaður Jóns Gunnars Árnasonar myndhöggvara. Daníel hefur haldið einkasýningar í Svíþjóð og Hollandi, auk sýninga hér á landi, og jafnframt átt verk á samsýningum, m.a. í Danmörku, Hollandi og í Bretlandi fyrr á þessu ári.

Daníel hefur unnið verk sín talsvert út frá almennum hugtökum og tilvísunum þeirra í daglegu lífi; þannig nefndi hann eina sýningu sína „Heimilisleg hugtök". Þetta hafa oftast verið afar hógvær verk, unnin úr einföldum, allt að því daufum efnum, sem hafa þó verið sett upp á nýstárlegan hátt og þannig náð að skapa verkunum víðari tengsl, þar sem kímnin er oftar en ekki sterkur þáttur. Þessir eiginleikar hafa leitt til þess að Daníel hefur náð að finna nýjar, persónulegar leiðir innan hugmyndalistarinnar, sem ungt listafólk hefur oftar en ekki átt erfitt með að gera.

Sýningin að þessu sinni er eitt skrefið enn á þeirri sömu braut. Yfirskrift sýningarinnar er nýyrðið „Hugsanaveðrun", sem listamaðurinn telur ná best að lýsa því ferli,

Tveir frístundamálarar

Íslendingar eru að eigin áliti listfengari en flestar þjóðir aðrar, í þeim skilningi að þátttaka í listunum og menningarlífinu yfirleitt er afar almenn. Oftast er þetta hermt upp á bókmennta- eða tónlistaráhuga landsmanna; skáld eða rithöfundar eru á hverju strái, og tónlistarfólk og söngvara má finna um allt land, eins og fjöldi tónlistarskóla er glöggt vitni um.

En þessi áhugi er einnig umtalsverður á sviði myndlistarinnar, og mikill fjöldi svonefndra frístundamálara helgar tómstundir sínar listsköpun á þessu sviði, oft eftir að hafa sótt námskeið eða aðra leiðsögn til þekktra myndlistarmanna. Nú standa yfir í aðalsal Listhússins í Laugardal sýningar tveggja frístundamálara, þeirra Skarphéðins Haraldssonar og Garðars Jökulssonar. Það er sameiginlegt einkenni þess sem þeir bjóða gestum upp á, að þar er hefðin í fyrirrúmi; báðir sýna þeir landslagsmyndir, þar sem efnismeðferð og útfærsla eru vel kunn af verkum ýmissa listamálara í gegnum tíðina.

Skarphéðinn hefur unnið að myndlistinni um langt árabil. Hann sótti á sínum tíma nám í skóla þeirra Finns Jónssonar og Jóhanns Briem, og hefur náð þokkalegum tökum á vatnslitunum; hér sýnir hann nær eingöngu nýlegar vatnslitamyndir, sem flestar eru af haustlitum Þingvalla. Í myndunum á sér stað mikið og bjart litaflæði, einkum í ljósrauðum og gulum litum, þannig að kunnugleg rómantík haustsins ríkir yfir myndunum. Helsti gallinn er fólginn í að fæstar myndanna ná að skapa sér sjálfstæða tilveru, því þær eru afar keimlíkar, hvert sem nafnið er; það er helst í hveramyndunum, sem efnistök eru önnur, og örlar fyrir sjálfstæðri myndgerð.

Garðar Jökulsson hefur sinnt myndlistinni í um áratug, og hefur á þeim tíma verið duglegur við sýningahald. Hann sýnir einnig landslagsmyndir, bæði unnar með olíulitum og vatnslitum, en litaspjaldið er fremur dökkt, þrungið jarðlitum; viðfangsefnin eru oftast tengd fjallasýn, birtuskilyrðum eða hraunmyndum, en allir þessir þættir eru vel þekktir í íslenskri myndlist. Garðar fer almennt vel með litina, eins og sést í „Súlur" (nr. 6) og „Hraunbárur bláar" (nr. 11), en þó vantar nokkuð á að myndirnar nái þeim sérstaka glampa, sem þarf til að þær öðlist sjálfstæða tilveru; hefðin er of sterk.

Það kemur vel fram á þessari sýningu, að handbragð frístundamálara getur á stundum verið fyllilega jafngott og þeirra sem leggja myndlistina fyrir sig af alvöru, og vel þess virða að veita listsköpun þeirra athygli þess vegna. Hins vegar skilja efnistökin á milli; á meðan áhugafólkið leitast oftast við að fylgja fordæmum myndlistarinnar og feta í fótspor eldri listamanna, eru hinir stöðugt að reyna að brjóta myndmálið til mergjar og þróa út frá því eigin myndsýn persónulegrar tjáningar, sem verður þeirra eigið framlag til myndlistarinnar. Það þarf djörfung og áræði til að leggja sálu sína í sjálfstæða listsköpun, og sú köllun kemur aðeins innan frá.

Sýningar þeirra félaga, Skarphéðins Haraldssonar og Garðars Jökulssonar í aðalsal Listhússins í Laugardal standa til sunnudagsins 12. september.

Mikil aðsókn að orgeltónleikum í Hallgrímskirkju

MIKIL aðsókn hefur verið að sumartónleikum á sunnudagskvöldum í Hallgrímskirkju og komu mest um 400 manns á tónleika. Fjölmargar fyrirspurnir hafa borist frá erlendum organistum um að fá að leika á hið nýja orgel Hallgrímskirkju. Nýlega birtist mynd af því á forsíðu fylgirits *The Musical Times* í Englandi, en blaðið hefur sýnt upptökum með orgelinu áhuga.

Að sögn Harðar Áskelssonar, organista, fór aðsóknin að tónleikunum í Hallgrímskirkju í sumar fram úr björtustu vonum.

400 manns


Hann sagði að aðsóknin hefði alltaf verið mikil og um 400 manns komið þegar mest var. Tónleikar hefðu verið á hverju sunnudagskvöldi í júlí og ágúst og jafn margir organistar komið fram og sunnudagarnir voru. Organistar komu víða að, m.a. frá Ítalíu, Þýskalandi og Englandi.

Hörður sagði að umsagnir þeirra organista sem hingað komu um orgelið og hljómburð í kirkjunni væru allar á sama veg, þeir hafi allir sagt orgelið framúrskarandi og verið undrandi yfir því hversu vel væri búið að þessum hlutum hér. Allir hefðu viljað koma aftur.

Stöðugar fyrirspurnir

Hörður sagði að greinilega hefði spurst út hversu vandað orgelið í Hallgrímskirkju væri. Stöðugar fyrirspurnir og tilboð bærust frá erlendum organistum um að fá að leika á það og væri þegar komið nóg af tilboðum fyrir allt næsta sumar. Hann sagði að síðustu tónleikarnir á árinu yrðu sennilega sunnudagskvöldið 19. september. Sunnudagstónleikar hefjast á ný á næsta ári og verða einu sinni í mánuði frá áramótum.

Mynd af orgelinu í Hallgrímskirkju birtist á forsíðu fylgirits breska blaðsins *The Musical Times* í ágúst sl. Þar fjallar orgelsmiðurinn Hans Gerd Klais um smíði orgelsins, sem hann segir hafa heppnast afar vel. Birtar eru myndir af orgelinu frá ýmsum sjónarhornum og



Mynd af orgeli Hallgrímskirkju birtist á forsíðu fylgirits *The Musical Times* í ágúst. Á myndinni sést Hörður Áskelsson leika á orgelið.

teikning sem sýnir uppbyggingu þess.

Hörður Áskelsson vinnur nú að útgáfu á geisladisk með einleik á orgel Hallgrímskirkju með verkum eftir íslenska og erlenda höfunda, þar á meðal J. S. Bach, Cesar Frank, Jón Nordal og Þorkel Sigurbjörnsson. Hann sagði að *The Musical Times* hefði sýnt áhuga á allri útgáfu þar sem orgelið kæmi við sögu. Tveir erlendir organistar hafa tekið upp tónleika sína með orgeli Hallgrímskirkju og eru útgáfurnar væntanlegar á geisladiskum.

Samræmd þróun

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Fram til 13. september sýnir *Kristbergur Ó. Pétursson* 30 myndverk í aðalsölum Hafnarborgar og er þetta sjötta einkasýning hans.

Kristbergur er vel menntaður listamaður, sem lauk námi við MHÍ 1985 og stundaði svo framhaldsnám við ríkislistaskólann í Amsterdam næstu þrjú árin.

Ef ég man rétt, var sérnám hans tengt grafík í MHÍ, en trúlega hefur hann fengið meiri áhuga á pentskúfnum í Hollandi, því að undanskildum fjórum kolteikningum sýnir hann að þessu sinni einvörðungu málverk.

En þessi málverk hafa yfir sér áberandi grafískt yfirbragð og Kristinn virðist vera niðursokkinn í að rannsaka mismunandi afbrigði af því sem nefna mætti samræmda þróun áferðar og litar á myndfleti.

Þetta er trúlega viðamesta framtak Kristbergs á sýningavettvangi til þessa og hann færist mikið í fang í verkum sínum, þótt þau láti lítið yfir sér í fyrstu og virki í senn þung og einhæf. Í aðalsalnum eru 13 stór verk og í þeim er jafnan gengið út frá einum grunntóni og þá oftast dökkum og magnþrungnum.

Fljótlega vöktu nokkur stóru málverkanna sérstaka athygli mína fyrir fínan og viðkvæman skurn og mjög markvissa form- og litræna þróun, en það voru myndir nr. 4, 7 og 12. Allar eru myndirnar byggðar upp á djúprauðum og lýsandi grunni, með jafnri stígandi frá skugga í ljós, og svo fínt farið í áferðina að þær minna á dulúðug og römm málverk gömlu meistaranna. Jafnframt hafa þær yfir sér einhverja óútskýranlega fyllingu sem séu þær tímalausar.

En slík málverk njóta sín trúlega best í náttúrubirtu, í öllu falli fá þau vafasaman stuðning frá gerviljósinu, sem er kalt og frosið auk þess sem það endurkastast á yfirborði myndanna.

Þessi jafna stígandi í verkunum í stóra salnum er þó rofin af tveim myndum sem eru sér á báti litrænt séð, en það er ljósa myndin nr. 12, sem að mínu mati er með athyglisverðustu myndum sýningarinnar, svo og okkurgula myndin nr. 13, sem minnir á kornakur.

Í hliðarsalnum er mikill fjöldi minni verka, en hér er áferðin jafnan slétt og höfuðáherslan lögð á